

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgatún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 28. október 2024
Málsnúmer: 202409-0054
IAS

Efni: Bárðardalsvegur vestri. Tilkynning til ákvörðunar matskyldu.

Við er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 26. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunarmatskyldu vegna Bárðardalsvegar vestri.

Vegagerðin kynnir fyrirhugaðar framkvæmdir á Bárðardalsvegi (842), milli Hringvegar (1-q6) og Öxarárvegar (8698-01) í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Að mestu er um að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Fyrirhugaður framkvæmdakafl er um 3 km langur og liggur milli Hringvegar (1-q6), skammt sunnan brúar yfir Hróteyjarkvísl, að heimreið við Öxará í Bárðardal. Ný tvíbreið brú verður byggð á Öxará og vegurinn lagður klæðningu. Í tengslum við framkvæmdina verður núverandi krossvegamótum Hringvegar(1) við Bárðardalsveg (842) og Hrífluveg (8657) breytt vegna öryggissjónarmiða. Það verður gert með þeim hætti að vegamót Hringvegar (1-q6) og Hrífluveg (8657) verður hliðrað vestur fyrir vegamót Hringvegar (1-q6) og Bárðardalsvegar (842) (sjá teikningar 1-4). Áætluð efnispörf framkvæmdarinnar er um 40 þús. m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr tveimur námum í landi Öxarár og skeringum meðfram vegi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða en á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar sem vikið verður frá núverandi veglínu raskast hraun sem að mestu er hulið jarðvegi og vel gróið. Það er aðeins þar sem vegamót við hringveg verða færð að sést í hraun á yfirborði og hraunjaðar sem er nokkuð frá framkvæmdasvæðinu.

Fyrirhuguð efnistaka er úr tveimur námum í landi Öxarár og eru þær báðar sýndar í námuvefsjá Vegagerðarinnar ([www.namur.vegagerdin.is](#)). Er annars vegar um að ræða setnámu, Öxará gil; sem er í notkun og er þar fyrirhugað að taka 10.500 m³ af efni sem er skilgreint sem botn- eða leysingarruðningur. Hin náman, Öxará, er ekki lengur í notkun en ófrágengin og þar er fyrirhugað að taka 17.500 m³ úr nokkuð vel gróinni aurkeilu. Afmarkað svæði er um 10 ha og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er þar m.a. að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi, eins og starungsmýravist og víðikjarrvist.


Fram kemur að lynghraunavist og fjalldrapamóavist, með miðlungs verndargildi eru algengastar þar sem veglínan verður færð og á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru þar líka sýndir litlir blettir með víðikjarrvist og starungsmýrarvist með mjög hátt verndargildi. Þess ber þó að geta að mikil óvissa er í vistgerðakortinu þegar unnið er í þetta stórum mælikvarða. Ef þessar vistgerðir er að finna á fyrirhuguðum námusvæðum eða í vegstæðinu er æskilegt að þeim sé hlíft eins og mögulegt mögulegt er.

Framkvæmdasvæðið er ekki á mikilvægu fuglasvæði en nokkuð getur verið af mófuglum í fjalldrapamóavist og lynghraunavist en um er að ræða lítið svæði og áhrif á fuglalíf verða væntanlega ekki mikil.



Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

